

Reynist nokkru ábótavant við skoðun þessa, skipar slökkviliðsstjóri eiganda eða þeim, er hlut á að máli, innan tiltekins tíma að ráða bót á því. Þá er fyrirvari sá, er hann gefur, er liðinn, skal því veitt eptirlit, hvort bætt hafi verið úr brestunum. Hafi það eigi verið gjört, eða slökkviliðsstjóri verði þess vis, að breytt hafi verið á móti brunamála- lögnum, skýrir hann lögreglustjóra frá því, svo að þeir, er hlut eiga að máli, sæti fyrir það ábyrgð. Skoðunargjörðina skal rita í bók, er bæjarsjóður kostar og lögreglustjóri lög- gildir. Í þá bók ritar og slökkviliðsstjóri skipun sína um að ráða bót á því, sem ábóta- vant hefir reynzt við skoðunina, og sömuleiðis getur hann þess þar, hvort skipaninni hafi verið hlýtt, og hvenær lögreglustjóra hafi verið send skýrsla um það. Það sem ritað er bók þessa á slökkviliðsstjóri og sveitarhöfðingi sá, er með honum hefir verið, að rita nöfn sín undir. Bók þessa hefir slökkviliðsstjóri í vörzlum sínum, en lögreglustjóri skal skoða hana einu sinni á ári.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 31. ágúst 1876.

L. E. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. A. Thorsteinson. Ó. Ólafsson,
Einur Þórðarson. J. Steffensen. Jóh. Ólsen. H. Kr. Friðriksson.

Samkvæmt 16. gr. laga um brunamál í Reykjavík frá 15. október 1875 staðfestist framanrituð reglugjörð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi. Reykjavík 26. október 1876.

Hilmar Finsen.

Auglýsing

um fjallvegi.

117
9. nóvbr.

Samkvæmt 2. gr. laganna um vegina á Íslandi frá 15. oktbr. f. á., og eptir að amts- ráðin hafa tjáð mjer tillögur sínar, skal hjer með ákveðið, að fjallvegir skuli vera yfir neð- annefndar heiðar og fjallgarða, milli landsfjórðunga eða sýslna:

1. Grímsstungnaheiði og Kaldadal,
 2. Stórasand,
 3. Kjalhraun og Vatnahjalla,
 4. Sprengisand,
 5. Mývatnsöræfi og Dimmafjallgarð,
 6. Hallgilsstaðaheiði milli Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu,
 7. Vestdalsheiði milli Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu,
 8. Lónsheiði milli Suðurmúlasýslu og Austur-Skaptafellssýslu,
 9. Mælifellssand milli Skaptafellssýslna og Rangárvallasýslu (Goðalands- eða Fjalla- baksvegur),
 10. Grindaskörð
 11. Lágaskarð
 12. Hellisheiði
 13. Mosfellsheiði
- } milli Árnessýslu og Kjósar- og Gullbringusýslu.
14. Fyrir Ok milli Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu,
 15. Holtavörðubeiði milli Mýrasýslu og Strandasýslu,
 16. Bröttubrekku milli Mýrasýslu og Dalasýslu,
 17. Rauðamelsheiði milli Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

Hinn 30. nóvember 1876.

- 117** 18. Haukadalsskarð
 5. nóvbr. 19. Laxárdalsheiði
 20. Snartartunguheiði
 21. Steingrímsfjarðarheiði milli Dalasýslu og Strandasýslu,
 22. Þorskafjarðarheiði milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu,
 23. Vatnsskarð
 24. Gönguskarð
 25. Öxnadalsheiði
 26. Heljardalsheiði
 27. Siglufjarðarskarð } milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu,
 } milli Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu.

Þetta er hjer með auglýst almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 9. nóvbr. 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

118
 15. nóvbr.

Umburðarbrjef

til allra bæjarfógeta og sýslumanna.

Eptirfarandi reglur með tilliti til tollreikninga og skilríkja þeirra, sem þeim eiga að fylgja, eru hjer með brýndar fyrir öllum reikningssemjöndum.

1.

Þess ber nákvæmlega að gæta, að í sjálfum tollreikningnum sje tilgreint, hvenær skip það, sem flytur hinar tollskyldu vörur, hafi hafnað sig og sýnt skjöl sín, því að þá er tollgjaldið fallið til borgunar, sbr. tilsk. 26. febr. 1872, 2. grein.

2.

Tollreikningunum skal fylgja útdráttur eða ágríp af tollskrá hvers skips, sjá umbr. dstj. 13. apríl 1872, sbr. angl. ráðgj. fyrir Ísl. 16. febr. þ. á., 3. gr. Útdrátturinn á að tilgreina allar tollskyldar vörur, sem á tollskránni standa, hvort sem þær eru ætlaðar til innflutnings eða til skipsforða. Í útdráttinn ber einnig að taka vottorð það, sem tollstjórnarmenn í Danmörku eiga að rita á hverja tollskrá til Íslands, um að mál á hinum tollskylduvörum og þungi þeirra sje rjett tilgreindur. Svo á að taka upp í útdráttinn yfirskrípt, dagsetning og undirskrípt tollskrárinnar, og engu úr því að sleppa.

3.

Vottorð það, sem heimta skal af hverjum skipstjórnarmanni samkvæmt umbr. dstj. 13. apríl 1872, og fylgja á tollreikningnum, á að gefa skýlausa skýrslu um allar tollskyldar vörur, sem með skipinu flytjast, hvort heldur þær eru ætlaðar til innflutnings eða til skipsforða. Geti reikningshaldarar, eigi sjálfir heimt vottorð þessi, ber þeim að brýna fyrir umboðsmönnum sínum, sem vottorðin eiga að taka, að fara í því efni stranglega eptir fyrir mælunum í áminnstu umburðarbrjefi frá 13. apríl 1872 2. gr. 2,

4.

Falli tolltekjur til landssjóðs við sektir, skipströnd, reka eða annað þvíumlíkt, þá er það vitaskuld, að tekjur þessar ber að telja í tollreikningunum. En tilfalli engin slík tekjgrein, á reikningshaldari að láta reikningi sínum fylgja vottorð þess efnis.

5.

Ef svo er, að engar tolltekjur hafa tilfallið í einhverju lögsagnarumdæmi, svo sem af